

Alþingi
Erindi nr. P 132/1668
komudagur 19.4.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. apríl 2006
HÓB/KSG/034/06

Efni: Umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um stöðu hjóna og sambúðarfólks, 69. mál.


Tryggingastofnun ríkisins fagnar framkominni þingsályktunartillögu.

Það er stefna Tryggingastofnunar ríkisins að ákvarða og greiða réttar tryggingabætur.

Ljóst er að erfitt er að framfylgja þeirri stefnu í þeim tilvikum þegar aðilar hafa skilið málamyndaskilnaði eða ekki skráð sambúð í því skyni að njóta fjárhagslegs hagræðis af almannatryggingum, sköttum og félagslegri aðstoð.

Tryggingastofnun hvetur Alþingi til að bregðast við þingsályktunartillögunni, þannig að staða hjóna og sambúðarfólks með börn á framfæri sé metin með tilliti til skatta, almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar og borin saman við stöðu einstæðra foreldra.

Virðingarfyllst,



Karl Steinar Guðnason
forstjóri

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

